

SKÝJALÝSINGAR

Fyrri hluti þessara skýjalýsinga skýrgreininir aðaltegundir skýjanna, tíu að tölu. Við þær skýrgreiningar er svo stuðzt í seinni hlutanum, þar sem því er lýst, hvernig skýin eru flokkuð niður í veðurskeytalyklinum eftir tegundum, uppruna (t.d. hvort þau eru mynið úr bólstrum eða ekki), vexti (hvort þau fara vaxandi eða ekki), magni (t.d. hvort háský eru um allan himininn eða ekki) o. s. frv.

Með þessum lýsingum fylgja skýjamyndir, sem vísað er til. Þær eru þó aðeins atlaðar til bráðabirgðanotkunar.

Síðast í þessum lýsingum er tafia, sem ætti að auðvelda athugunarmönnum að finna skýjunum viðeigandi skeytastafi, en þó verða þeir að þekkja vel aðaltegundir skýjanna til þess að hafa töflunnar not.

Aðaltegundir skýjanna

Blikutrefjar - Cirrus (Ci).

Einstök ský, fíngerð og trefjuð, skuggalaus, yfirleitt ljósleit, oft sliktjuleg líkt og silki. (Sjá C_{H1}, C_{H2}, C_{H3}, C_{H4})

Blikutrefjar birtast í vmsum myndum, svo sem einstakir brúskar, hvít strík á bláum himni, hríslur, boglínur, sem enda í brúski o. s. frv. Þær mynda oft bönd, sem líkjast lengdarbaugum á hnattkorti og virðast vegna vaxandi fjarlægðar sameinast í einum depli við sjóndeildarhringinn eða í tveim gagnstöðum deulum sjóndeildarhringsins. (Oft eru þessi bönd að nokkru mynduð úr blikuhulu eða blikuhnoðrum).

Hæðin er venjulega yfir 6000 metra, en getur orðið talsvert minni, jafnvel 3000 m.

Blikuhnoðrar - Cirrocumulus (Cc).

Blikukennd ský eða skýjabreiða, mynduð úr hvítum smáflögum eða mjög smáum hnoðrum, skuggalaus og eru í smáskákum eða rákum, oftast bó gáruð líkt og sandur á sjávarströnd. (Sjá C_{H9})

Yfirleitt eru blikuhnoðrar leifar af blikutrefjum eða blikuhulu, en báðar þessar tegundir geta ummyndað á þennan hátt. Þegar svo stendur á, heldur blikuhnoðrabreiðan oft trefjalaginu á köflum.

Eiginlegir blikuhnoðrar eru sjaldgæfir. Ekki má ruglast á þeim og smágerðu skýjunum í jöðrum netjuskýjabreiðu.

Venjuleg hæð er meiri en 6000 m.

Blikuhula - Cirrostratus (Cs).

Þunn ljós hula, sem máir ekki útlínur sólar eða tungls, en veldur rosabaug og skyldum fyrirberum. (Sjá C_{H5}, C_{H6}, C_{H7}, C_{H8}).

Stundum er hún mjög dauf og gerir loftið aðeins mjólkurlitað, stundum er hún með meira og minna greinilegum trefjum og óreglulegum þráðum.

Hæðin er venjulega yfir 5000 metra.

Netjuský - Altocumulus (Ac).

Breiða, eða einstök ský, samsett úr flögum eða flötum hnoðrum, þeir minnstu af þeim hnoðrum, sem er raðað á reglubundinn hátt, eru fremur litlir og þunnir, skuggar eru á köflum á neðra borði. (Sjá C_{M3}, C_{M4}, C_{M5}, C_{M6}, C_{M9}).

Þessir hnoðrar raðast í smáskákir, rákir eða öldur eftir einni eða tveim áttum, og liggja stundum svo þétt, að jaðr-

arnir renna saman.

I hinum þunnu og gegnsæju jöðrum þessara hnoðra sjást oft fögur litbrigði (irisation), sem mega heita einkenni þessarar skýjategundar.

Hæðin er venjulega milli 2000 og 6000 m.

Gráblíka - Altostratus (As).

Hula með rákum eða trefjum, meira eða minna gráleit eða bláleit. (Sjá C_{M1}, C_{M2}, C_{M7}).

Gráblíkan líkist þykkri blikuhulu, en í henni sést þó ekki rosabaugur eða áþekk fyrirbera, sól eða tungl sjást dauft eins og gegnum óskyggt (matt) gler. Ymist er grá blíkan þunn, jafnvel á takörkum blikuhulu (þunn gráblíka) eða mjög þykk og dimm (gráblíkubykkni), felur jafnvel alveg sól eða tungl. Þegar svo er, getur gráblíkan orðið ljósari á köflum vegna misjárnrar þykktar, en engar greinilegar misjöfnur sjást á neðra borði, og rákalagið eða trefjalagið sést alltaf á köflum.

Hæð neðra borðs er oftast milli 2000 og 5000 m.

Flákaský - Stratocumulus (Sc).

Breiða (eða einstök ský), samsett úr hnoðrum eða múgum, þeir minnstu af þeim hnoðrum eða múgum, sem er raðað á reglubundinn hátt, eru fremur stórir með óskýrum jöðrum og gráleitir, en dekkri á köflum. (Sjá C_{L4}, C_{L5}, C_{L8}).

Þessir hnoðrar eða múgar raðast í smáskákir, rákir eða öldur eftir einni eða tveim áttum. Oft liggja múgarnir svo þétt, að jaðrarnir renna saman, og hylji þeir þá allt loftið, verður skýjabreiðan öldótt. Þetta verður einkum á meginlandi að vetri til.

Venjuleg hæð er 1000 - 1500 metrar.

Þokuský - Stratus (St).

Aferðarjafnt skýjalag, sem líkist þoku, en nær ekki til jarðar. (Sjá C_{L6}).

Þegar þetta lag er mjög lágt og sundurtætt, má nefna það tætt þokuský (Fractostratus (Fs)). (Sjá C_{L6}, neðri mynd). Venjuleg hæð er 0 - 1000 metrar.

Úrkomubykkni - Nimbostratus (Ns).

Lágt, ómótað, úrkomulegt skýjalag, dökkgrátt að lit og tilbreytingarlítið að útliti. (Sjá C_{L7}, C_{M2}).

Það virðist eins og lýst upp með dauðu skini innan frá. Ef úrkoma fellur úr því, er hún annaðhvort óslitin rigning eða snjócoma. En úrkoma ein saman er ekki nauðsynlegt sérkenni á úrkomubykkni, það nafn getur átt við, þó að engin

úrcoma fylgi. Oft nær úrkoman ekki til jarðar. Þegar svo er, er neðra borð skýjalagsins ávallt óskýrt, líkast því að það sé "vott", vegna fallandi úrkomu (virga), svo að ógerlegt er að greina neðra borð skýjanna.

Hæðin er venjulega í fyrstu um 2000 m., minnkar síðan, en verður sjaldan minni en 500 m.

Bólstrar - Cumulus (Cu).

Þykk ský, sem vaxa upp á við. Efra borð þeirra er hvelft með hnykluðu vfirborði, en neðra borðið er nærri lárétt. (Sjá CL1, CL2).

Þegar horft er á bólstrana undan sól, eru fletirnir, sem snúa beint að athugunarmanni, bjartari en jaðrar hnyklanna. Skíni sólin á skýið frá hlið, sést í því skarpur munur ljóss og skugga, en séð undir sól eru bólstrarnir dimmir með björtum jöðrum.

Eiginlegir bólstrar hafa skýrar útlínur jafnt að ofan sem neðan, þeir eru oft líkt og sniðnir úr föstu efni. En stundum sjást ský, sem líkjast tættum bólstrum og breyta stöðugt lagi. Verða þau að teljast tættir bólstrar (Fractocumulus (Fc)). (Sjá lægstu skýin á neðri myndinni CL9).

Venjuleg hæð neðra borðs er 600 - 1500 metrar.

Hryðjuský - Cumulonimbus (Cb).

Háreist skýjabákn, sem vaxa ört upp á við. Hinir bólstralöguðu hlutar skýsins rísa líkt og fjölli eða turnar, efri hlutinn er trefjaður og breiðist oft út og verður líkt og steðji í lögun. (Sjá CL3, CL9).

Að neðan líkjast hryðjuskýin úrkomuþykkni, og venjulega sjást úrkomutaumar (virga). Fyrir neðan þau er oft úrkomu-hroði (lág, tætt og dimm ský, fractostratus (Fs) eða fractocumulus (Fc)).

Hryðjuský valda yfirleitt skúrum eða snjóéljum, stundum hagléljum eða jafnvel þrumuveðri.

Ef ekki er hægt að sjá allt skýið, er veruleg skúr eða él nægjanleg til að greina skýið sem hryðjuský.

Í vissum tegundum hryðjuskýja, sem koma einkum fyrir að vorinu eða í norðlægum löndum, verður mest af skýinu trefjað, svo að bólstralagið hverfur næstum alveg. Eftir er þá aðeins trefjaður flóki og úrkomutaumar (virga).

Venjuleg hæð neðra borðs er 600 - 1500 metrar.

Skýjamyndir

I Lágský

$C_L=1$ Góðviðrisbólstrar - Cumulus humilis.

Skýin líkjast helst blómkálshausum. Neðra borð þeirra er venjulega í sömu hæð og flatt á að sjá. Þau eru dreifð um himinhvolfið og eru rislítill jafnvel þegar hlýjast er og uppstreymi loftsins er mest (um nónbilið). Þau eru meiri að flatarmáli en hæð. Orðið góðviðrisbólstur þýðir ekki, að útlit sé fyrir gott veður, heldur tilgreinir það einungis útlit skýjanna og eins það, að engin úrkoma sé sjáanleg á athugunartímanum.

C=8, Cu

$C_L=2$ Þrútnir bólstrar, (Cumulus congestus)

með eða án góðviðrisbólstra (Cumulus humilis)

eða flákaskýja (Stratocumulus). Neðra borð allra skýjanna er í sömu hæð.

Mismunurinn á þessum bólstrum og góðviðrisbólstrunum er sá, að kollarnir byrja að rísa upp á við í stað þess að vera ávalir (og að því er virðist hreyfingarlausir). Þetta sést greinilega á báðum myndunum. Skýjajaðrarnir eru skarpt afmarkaðir og kollarnir eru ekki kembdir. Á efri myndinni sést þykkt ílangt blikuský, sem hefur losnað úr steðja af hryðjuflóka (Cumulonimbus, sjá $C_L=9$). Ef þessi hryðjuflóki væri enn sjáanlegur á himninum, væri C_L tilgreint sem 9, en ekki 2, jafnvel þótt mikið væri um bólstra, sem ekki hefðu kambað kolla. Samfara þessum skýjum geta verið góðviðrisbólstrar eða flákaský eða hvorttveggja, en neðra borð allra skýjanna er alltaf í sömu hæð.

C=8, Cu.

$C_L=3$ Hryðjubólstrar (Cumulonimbus calvus)

með eða án bólstra (Cumulus), flákaskýja

(Stratocumulus) eða þokuskýja (Stratus).

Mjög háir bólstrar, en ekki með kembdum kollum. Þeir eru auðþekktir frá $C_L=2$ á því, að kollarnir eru byrjaðir að fá slæðukennt útlit og eins koma skúrir eða él úr þessum skýjum eins og sést á efri myndinni. Kollarnir eru samt ekki kembdir eða steðjalaga og tegundin er því $C_L=3$ en ekki $C_L=9$. Samfara þessum skýjum geta verið smærri bólstrar, flákaský eða þokuský.

C=9, Cu.

$C_L=4$ Flákaský mynduð úr bólstrum (Stratocumulus cumulogenitus eða stratocumulus vesperalis)

með eða án bólstra (Cumulus).

Þessi skýjategund myndast á tvennan hátt:

- 1) Að degi til, þegar bólstrakollarnir fletjast út í vissri

hæð, vegna þess að uppstreymið stöðvast við neðra borð hlýrra loftlags, sem tekur við fyrir ofan (Stratocumulus cumulogenitus).

2) Að kvöldlagi, þegar uppstreymið minnkar og bólstrarnir fletjast út og renna saman (Stratocumulus vespertalis).

(Af myndunum sex er sú síðasta tekin 20 mínútum síðar en sú fyrsta. Greinilega sést, hvernig skýjakollarnir á fyrstu myndinni fletjast út og bólstrarnir breytast í þynnri og víðáttumeiri flákaský).

C=6, Sc.

C_I=5 Flákaský (Stratocumulus) ekki mynduð úr bólstrum.

Hver hnoðri eða múgi getur verið aðgreindur og meira eða minna ílangur eins og sést á efri myndinni, en oft mynda þeir samfellt lag eða því sem næst. Flákaskýin eru oft dökk á lit, sérstaklega að vetrarlagi, en þau geta einnig verið allljósleit, en venjulega eru þau þá frekar hátt frá athugunarstaðnum.

C=6, Sc.

C_I=6 Þokuský (Stratus) eða tætt þokuský (Fractostratus), þó ekki úrkomuhroði (sbr C_I=7).

Á efri myndinni sést sú tegund þokuskýja, sem oft er samfara stillum að vetrarlagi. Á skyjabreiðunni sést greinilegt bylgjulag og neðra borðið er ekki mjög lágt (hæð turnsins er um 300 m.). Á neðri myndinni sést hið eiginlega formlausu lag þokuskýja, sem er algengt í fjallahéruðum.

C=0, St.

C_I=7 Úrkomuhroði (lág, tætt ský í úrkomulegu veðri) (Fractostratus eða Fractocumulus í úrkomulegu veðri).

Stundum eru þessi ský kölluð "vindhráfnar". Þau eru dökk og sjást greinilega undir hinu ljósleitara gráblíkuþykkni. Einnig eru þau algeng undir hryðjuskýjum. Á neðri myndinni sést gott dæmi um þessi ský fyrir neðan gráblíkuþykknið. Á efri myndinni er annað, tæplega eins gott dæmi um úrkomuhroðann, sem þó er mest áberandi.

C=0, Fs.

C_I=8 Bólstrar (Cumulus congestus eða cumulus humilis) ásamt flákaskýjum (Stratocumulus), sem eru ekki mynduð úr bólstrum. Neðra borð bólstranna og flákaskýjanna er ekki í sömu hæð.

Bólstrakollarnir ná stundum upp í eða upp úr flákaskýjunum eins og á neðri myndinni, en stundum eru bólstrarnir allir neðar flákaskýjunum eins og á efri myndinni. Neðra

borð bólstranna er lægra en neðra borð flákaskýjanna og aðgreinir þannig $C_L=8$ frá $C_L=2$ eða 4.

C=8, Cu, ef mest ber á bólstrum,
C=6, Sc, ef mest ber á flákaskýjum.

$C_L=9$ Hryðjuflókar (Cumulonimbus capillatus),
með eða án annarra lágskýja.

Bólstrarnir eru oft með kembdum og stundum steðjalaga kollum. Urkomuhroði og önnur lágský eru oft samfara þessum skýjum eins og sést á neðri myndinni. Hinn steðjalaga kembdi kollur, sem sést svo greinilega á efri myndinni, er oft hulinn athugunarmanninum, vegna þess að skýið er yfir athugunarstaðnum eða því sem næst. Mikilvægt er því að fylgjast vel með skýjunum til þess að greina nákvæmlega á milli $C_L=3$ og $C_L=9$. Jafnhliða þessum skýjum geta verið allar aðrar tegundir lágskýja.

C=9, Cb.

II Miðský

$C_M=1$ Þunn gráblíka (Altostratus translucidus).

Þetta er slæðukennt skýjalag, sem stundum hylur allt loftið. Gegnum það mótast fyrir sól eða mána líkt og gegnum óskyggt (matt) gler, en skuggar sjást ekki af hlutum. Rosabaugur er ekki samfara þessum skýjum, en að öðru leyti líkjast þau þykkri blíkuhulu (Cirrostratus).

C=5, As.

$C_M=2$ Gráblíkubykkni (Altostratus opacus) eða
úrkomubykkni (Nimbostratus).

Sól og máni eru venjulega hulin skýjum eða sjást aðeins á köflum sem ljósleit skíma gegnum skýin. Gráblíkubykknið fer venjulega á eftir þunnri gráblíku eða netjuskýjum, sem virðast fletjast út og renna saman í eina skýjabreiðu. Á myndinni sést frekar þunn gerð af þessari skýjategund, oft er minni glæta frá sól eða mána og stundum engin.

C=5, As eða C=7, Ns.

$C_M=3$ Einfalt lag af gisnum netjuskýjum (Alto-
cumulus translucidus), ekki vaxandi.

Þessi ský líkjast oft ullarreifi og er aðeins eitt lag af þeim, frekar reglubundið og jafnþykkt. Hnoðrarnir eru alltaf aðgreindir af auðum rákum eða ljósari geilum. Þeir eru hvorki stórir né dökkir. Skýjabreiðan tekur ekki skjótum breytingum. Ef hún er svo þykk, að bylgjulagið sést ekki, kallast hún netjubykkni (Alto-cumulus opacus), er hún tilgreind sem $C_M=7$.

C=4, Ac.

CM=4 Einstök netjuský (Altocumulus translucidus)
(oft oddaský (lenticularis)) í stöðugri ummyndun
eða í mismunandi hæð eða hvorttveggja.

Hnoðrarnir geta orðið eins litlir og blikuhnoðrar ($C_H=9$), en oddaskýin, sem eru líkt og fiskar að lögun, hafa fíngerð litbrigði (irisation) og eru oft dreifð óreglulega um himinhvolfið í misjafnri hæð og vindskafin. Þó að hvert sky út af fyrir sig sé ef til vill sífellt að umbreytast, er skýjamagnið í heild oftast óbreytt.

C=4, Ac.

CM=5 Gisin netjuský (Altocumulus translucidus)
í böndum eða breiðu, sem slær upp á loftið og
fer venjulega þykkandi, á köflum geta skýin
orðið að netjubykkni (Altocumulus opacus) eða
myndað tvöfalda breiðu (Altocumulus duplicatus).

Í skýjabreiðunni eru samhliða, ílóng og stundum dökkleit bönd, sem mynda öldotta skýjabreiðu. Stundum er eins og öldurnar komi úr tveim áttum, og er þá hvert band með þverrákum, en milli bandanna eru oft bláar geillar. Aðaleinkenni þessarar skýjategundar er það, að skýin aukast og þeim slær upp á loftið eða þá að annað skýjalag myndast neðar hinu.

C=4, Ac.

CM=6 Netjuský mynduð úr bólstrakollum (Altocumulus cumulogenitus).

Netjuský mynduð úr bólstrum, sem fletjast út og renna saman í kollinn, en neðri hlutinn eyðist smám saman. Líkist þetta því, hvernig $C_L=4$ myndast, en skýin eru í meiri hæð. (Ekki má rugla skýinu, sem virðist vera steðjalega á þessari mynd, saman við $C_L=9$).

C=4, Ac.

CM=7 Hér getur verið um þrennt að ræða:

a) Tvær breiður af netjuskýjum (Altocumulus duplicatus), venjulega netjubykkni (Altocumulus opacus) á köflum, ekki vaxandi.

Í efri breiðunni eru nærri skuggalausir flákar og gárar. Neðri breiðan með miklum skuggum er ágætt dæmi um netjuskýjabreiðu.

C=4, Ac.

b) Breiða af samfelldum netjuskýjum (netjuskýjabykkni) (Altocumulus opacus), ekki vaxandi.

C=4, Ac.

c) Netjuský (Altozumulus) samfara gráblíku (Altostratus), í sömu eða mismunandi hæð.

Í þessum flokki geta verið 1) gráblíka og netjuský, 2) ein breiða af netjuskýjum, sem eru að þykkna og renna saman í gráblíku eða 3) gráblíka, sem er að gisna og verða að netjuskýjum.

C=4, Ac, ef netjuskýin eru mest áberandi,
C=5, As, ef gráblíkan er mest áberandi.

C_M=8 Hér getur verið um tvennt að ræða:

a) Bólstruð netjuský með toppum (Altozumulus castellatus).

Þessir bólstrar eru oft tengdir saman í bönd eins og á myndinni, en geta einnig verið einstakir.

En sameiginlegt einkenni á a) og b) eru uppháir, turnlaga eða hvelfdir kollar, og þessi skýjategund er oft undanfari þrumuveðurs.

C=4, Ac.

b) Bólstruð netjuský með bráskum (Altozumulus floccus).

Bólstrarnir eru úfnir og hafa ekki ákveðna lögun, nema hvað kollarnir eru lítið eitt hvelfdir. Oft eru úrkomutaumar (virga) í sambandi við bólstrana eins og sést á myndinni.

C=4, Ac.

C_M=9 Óskipuleg netjuský (netjuhroði) (óskipulegur Altozumulus), yfirleitt í mismunandi hæðum venjulega samfara þykkum blikutrefjum (Cirrus densus).

Lög af netjuskýjum, venjulega samfara þykkum blikutrefjum, og eru skýin ruglingsleg á að sjá. Netjuhroðinn er oft samsettur af mörgum óreglulegum skýjum allt frá lágum netjuskýjum upp í blikutrefjar.

C=4, Ac.

III Háský

C_H=1 Fíngerðar blikutrefjar (Cirrus filus).

Þetta eru blikutrefjar í mikilli hæð og stundum dreifðar um mikinn hluta loftans, en þar aukast hvorki í neinni sérstakri átt né með tímanum. Trefjarnar renna hvorki saman í blikuhulu né bönd. Varast skal að tilgreina C_H=1, ef trefjarnar líta út eins og vatnslær á mynd C_H=4.

C=1, Ci.

C_H=2 Þykkar blikutrefjar (Cirrus densus),
venjulega ekki vaxandi.

Þær líta út eins og hvítir haglagðar. Þessi skýjategund er "ullarkenndari" útlits en C_H=1, og er sennilega leifar af efri hlutum hrvöjuflóka, þó að það sé ekki víst.

C=1, Ci.

C_H=3 Þykkar blikutrefjar (Cirrus nothus),
sem vissa er fyrir, að eru annaðhvort leifar af
efri hluta hrvöjuflóka (Cumulonimbus) eða efri
hluti af fjarlægum hrvöjuflóka, sem sést ekki
að öðru leyti.

Þær eru myndaðar úr földum og kollum á hrvöjuflóku, sem eru annaðhvort eyddir eða sjást ekki, þegar athuginin er gerð.

C=1, Ci.

C_H=4 Vaxandi blikutrefjar (Cirrus), oft krók-
laga (vatnsklár, Cirrus uncinus).

Þeim slær upp á loftið, þær þykkna og fara vaxandi úr ákveðinni átt, þar sem þær ná niður að sjóndeildarhringnum, en mynda þó ekki blikuhulu (Cirrostratus).

C=1, Ci.

C_H=5 Annaðhvort:

a) Blikutrefjar (Cirrus) og blikuhula (Cirro-
stratus), oft í böndum, sem virðast sameinast út
við sjóndeildarhringinn (klósigi) eða

b) Blikuhula (Cirrostratus) eingöngu.

Í báðum tilfellum slær skýjunum upp á loftið og
venjulega fara þau þykkandi, en samfellda hulan
hefur þó ekki enn náð miðja vega milli hafs og
hálofts (45° yfir hafflöt).

Oft eru blikutrefjarnar í breiðum böndum eða eitt breitt band, sem kvíslast í smærri bönd.

C=2, Cs, ef mest ber á blikuhulu,

C=1, Ci, ef mest ber á blikutrefjum.

C_H=6 Annaðhvort:

a) Blikutrefjar (Cirrus) og blikuhula (Cirro-
stratus), oft í böndum, sem virðast sameinast út

við sjóndeildarhringinn (klósigi) eða

b) Blikuhula (Cirrostratus) eingöngu.

I báðum tilfellum slær skýjunum upp á loftið og
venjulega fara þau bykknandi. Samfellda hulan
nær meira en miðja vegu milli hafs og hálofts.

(Athugið að áætla eins rétt og hægt er 45° horn yfir hafflöt. Bezt er að rétta handlegginn beint upp af öxlinni og lækka hann því næst, þar til maður álitur, að hann bendi miðja vegu milli hafs og hálofts).

C=2, Cs, ef mest ber á blikuhulu,
C=1, Ci, ef mest ber á blikutrefjum.

CH=7 Blikuhula (Cirrostratus) um allt loftið.

a) Þunn og stundum jafnvel tæplega sýnileg eða tiltölu-
lega þykk hula, en alltaf jafnþykk um allt loftið. Fylgir
henni rosabaugur um sól eða mána.

b) Hvít trefjótt hula, og sjást trefjarnar bá misjafn-
lega greinilega. Líkist hulan stundum samfelldri blikutrefje-
breiðu og getur líka verið mynduð úr blikutrefjum.

C=2, Cs.

CH=8 Blikuhula (Cirrostratus), sem fer ekki

vaxandi og hylur ekki allt loftið. Blikutrefjar

(Cirrus) og blikuhnoðrar (Cirrocumulus) geta sézt

jafnframt.

Hulan nær niður að sjóndeildarhring á einum eða fleiri
stöðum, en andspánis er himininn heiðskir. Sá hluti himins,
sem er heiður, fer ekki minnkandi, því að annars væri þetta
CH=5 eða 6. Venjulega eru jaðrar hulunnar skýrt afmarkaðir
og greinast ekki í blikutrefjar.

C=2, Cs.

CH=9 Blikuhnoðrar (Cirrocumulus).

Mest ber á þeim, en oft eru jafnhliða önnur háský.
hnoðrarnir eru fíngerðir og alveg skuggalausir, og skal var-
azt að rugla þeim saman við há netjuský. Í sambandi við
blikuhnoðrana verða að vera blikutrefjar, að öðrum kosti verða
þeir að hafa myndast úr blikutrefjum eða blikuhulu. Vottur
af blikuhnoðrum getur verið samfara öllum öðrum tegundum há-
skýja, en CH=9 er aðeins tilgreint í skeyti, ef magnið af
blikuhnoðrum er meira en magn annarra háskýja.

C=3, Cc.

L A G S K Ý

CL

Bólstrar	eingöngu eða ásamt flákaskýjum með sömu hæð neðra borðs	lágreistir	góðviðræðsbólstrar, tættir eða ekki tættir bólstrar í úrkomulegu veðri (úrkomuhroði)	1
		brútnir		2
	ásamt flákaskýjum, neðra borð í annarri hæð			8
Flákaský	mynduð úr bólstrum, ásamt bólstrum eða ekki			4
	ekki mynduð úr bólstrum			5
Þokuský	tætt eða ekki, en ekki úrkomulegt veður			6
	tætt þokuský í úrkomulegu veðri (úrkomuhroði)			7
Hryðjuský	hryðjubólstrar, ásamt öðrum lágskýjum eða ekki, nema hryðjuflókum			3
	hryðjuflókar, ásamt öðrum lágskýjum eða ekki			9

M I Þ S K Ý

CM

Gráblíka	þunn			1	
	þykk (gráblíkupykkni)			2	
Úrkomupykkni				2	
Netjuský	ekki	ásamt gráblíku			7
		án	ekki mynduð úr	ekki gísín	ekki einf. vaxandi vaxandi
	grá- blíku		breiða bólstrum mynduð úr bólstrum	tvöföld	
		sameföld (netjubykkni)			7
			stök, í ummyndun, oftast oddaský (með fisklagi)		4
	bólstruð, með öðrum miðsk. eða ekki, nema CM9				8
	óskipuleg, með öðrum miðsk. eða ekki, þrumul. loft				9

H A S K Ý

CH

Blikutrefjar (ásamt slæðingi af blikuhnoðrum eða ekki)	ekki	fíngerðar		1
	vaxandi	þykkar	óviss uppruni myndaðar úr hryðjuflókum	2 3
	vaxandi, oft vatnslær			4
Blikuhula (ásamt slæðingi af blikuhnoðrum eða ekki)	vaxandi	samfellda hulan nær ekki 45° hæð		5
		samfellda hulan nær 45° hæð		6
	ekki	samfellda hulan um allt loftið		7
	vaxandi	samf. hulan ekki um allt loftið		8
Blikuhnoðrar				9